



Þjónustuáætlun

- upplýsingar til foreldra

ÆFINGASTÖÐIN

Þjónustuáætlun

Samkomulag milli fjölskyldu og þjálfara

Þjónustuáætlun er samkomulag milli fjölskyldu og þjálfara á Æfingastöðinni um hvernig er best að haga samstarfi og koma til móts við þarfir og væntingar barnsins og fjölskyldunnar. Áætlunin inniheldur markmið, leiðir að þeim og hlutverk þeirra sem koma að gerð hennar.

Markmið með þjónustuáætlun er að:

- *sníða þjónustuna að þörfum hverrar fjölskyldu*
- *stuðla að virkri þátttöku fjölskyldunnar í mótun og framkvæmd íhlutunar*
- *stuðla að því að allir stefni að sama marki*
- *meta hverju íhlutun hefur skilað og hvernig samvinnan hefur gengið*

Væntingar og þarfir vísa veginn

Til að koma til móts við væntingar og þarfir barnsins og fjölskyldunnar er nauðsynlegt að ræða það sem þeim þykir mikilvægt og telja brýnast að vinna að.

Hvað telja foreldrar að barnið þurfi helst af öllu að ná tókum á til að bæta lífsgæði sín?

Hvers er vænst af barninu, hvað langar það sjálft til að gera heima hjá sér, í skólanum eða í frístundum?

Hvernig er mögulegt að ná því fram? Hverjir geta tekið þátt í að hjálpa barninu að ná markmiðum sínum?



Hvernig er þjónustuáætlun gerð?

Til að fá yfirsýn yfir væntingar og forgangsroð er byrjað á því að ræða almennt um færni og þarfir barnsins og fjölskyldunnar. Umræðuefnin eru mismunandi eftir hverri fjölskyldu en geta til dæmis tengst:

- *Heilsu og líðan barnsins*
- *Þroska barnsins (hreyfi-, mál- og félagsþroska)*
- *Færni í eigin umsjá og hreyfingum*
- *Samskiptum og tengslum við foreldra, systkini, önnur börn og fullorðna*
- *Tómstundum og áhugamálum*
- *Heimilisaðstæðum og stuðningi*
- *Samvinnu við aðra þjónustuveitendur*

Í sameiningu er komist að samkomulagi um markmið, leiðir að þeim og hlutverk hvers og eins. Endurmat markmiðanna er tímasett og allar niðurstöður skráðar í þjónustuáætlun sem þátttakendur staðfesta og fá afrit af.

Börn og ungmenni eru virkir þátttakendur í gerð þjónustuáætlunar þegar þau hafa aldur og þroska til. Þjónustuáætlun má gjarnan gera í samvinnu við aðra þjónustuaðila eftir atvikum og að ósk foreldra.

Sá þjálfari sem er tengiliður fjölskyldunnar á Æfingastöðinni ber ábyrgð á að þjálfunaráætlun sé framfylgt og hún endurskoðuð á réttum tíma.



STYRKARFÉLAG
LAMADRA OG FATLADRA

Þinn stuðningur *er okkar styrkur*

ÆFINGASTÖÐIN

Háaleitisbraut 13 • 108 Reykjavík • Sími 535-0900 • www.slf.is